

1860.
20. marz.

efni þetta, er Íslendinga varðar svo mikils, til hinnar beztu forsjár, og skal því við bætt, að ef sjóliðsstjórnin getur í þessu efni farið eptir ósk dómsmálastjórnarinnar, er það vegna augnamíðsins nauðsynlegt, að herskipið yrði sent svo snemma í vor, sem kringumstæðurnar leyfa.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá að vita hvað úr verður ráðið í þessu efni.

12. apríl.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um að senda herskip til Íslands.

Eptir að dómsmálastjórnin í annað sinn hafði farið þess á leit við sjóliðsstjórnina, að herskip yrði sent til Íslands, til að verja rétt Íslendinga gegn ágangi erlendra fiskara, hefur hið heiðraða stjórnarráð í bréfi, dags. 31. f. m., svarað, að það sökum peningaleysis ekki sæi sér fært, að gjöra út sérstakt skip til Íslands, en það vilji gjarna verða við tilmælum dómsmálastjórnarinnar að því er unnt sé, og sé því fúst til að láta herskipið „Heimdal“ koma við á Íslandi, þar það verði gjört út, hvort sem heldur er, fyrst í maímánuði, til að æfa á því sjóforingjaefni. Foringja skipsins skal og verða gjört að skyldu, að bera sig saman við yfirvöldin, og gjöra það, sem kynni að sýnast nauðsynlegt og haganlegt, allan þann tíma, sem hann getur dvalið á Íslandi, eptir því sem ákveðið er um leiðangur skipsins. Þess skal og getið, að ekkert er því til fyrirstöðu, að nokkrir Íslendingar verði teknir á herskip þetta, til að kynna sér það, er að sjómennsku lýtur. Hið heiðraða stjórnarráð hefur enn fremur getið þess, að „Heimdalur“ gæti farið til Íslands aptur seinna í sumar, þó ekki fyr en í septembermánuði, ef það gæti orðið til nokkurs verulegs gagns. Gæti þá skipið samt ekki dvalið á Íslandi nema stutta stund, bæði vegna þess, hvað áliðið væri orðið, og vegna þess, að þá þyrfti að hafa skipið til annars.

Dómsmálastjórnin metur mikils, hve greiðlega hið heiðraða stjórnarráð hefur tekið í mál þetta, og þiggur það tilboð, að

herskip þetta komi við á Íslandi á sínum vanalegu ferðum í því augnamiði, sem áður hefur verið getið, og að nokkrum Íslendingum, sem þess kynnu að óska, gæfist kostur á að kynna sér sjómennsku á skipi þessu, og skyldi dómsmálastjórnin endurgjalda sjóliðsstjórninni kostnað þann, er af því kynni að leiða. Þar á móti verður dómsmálastjórnin að hafna tilboðinu um að senda skipið aptur til Íslands í septembermánuði, þarð það ekki getur komið að neinu haldi til að verja hin íslenzku fiskimið, þegar svo er áliðið.

1860.
12. apríl.

Sjóliðsstjórnin hefur enn fremur dregið á að senda herskip til Íslands við og við framvegis, og getur dómsmálastjórnin ekki annað en lýst þakklæti sínu fyrir heitorð þetta. Um leið og sjóliðsstjórnin hefur gefið heit þetta, hefur hún spurt, hvort nokkrar frekari ákvarðanir mundi mega gjöra í þessu augnamiði. En dómsmálastjórnin verður að geyma sér rétt til að taka mál þetta til nákvæmari íhugunar.

Að endingu leyfir dómsmálastjórnin sér að biðjast upplýsingar um, hvort herskipið „Heimdalur“ fari beinlínis til Reykjavíkur, og nær ætlazt er til að það verði þangað komið, svo það verði gefið hlutaðeiganda yfirvaldi til vitundar. Það væri æskilegt, ef herskipið seinna gæti komið við á einhverri höfn á vesturlandinu, svo sem á Stykkishólmi eða Dýrafirði.

14. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrktarfé prestaekkna.

17. apríl.

Með bréfi þessu látum vér yður vita, að þeir 300 dalir, sem hingað til hafa á ári hverju verið færðir til í eptirlauna-reikningum ríkisins, og sem eptir konungs úrskurði 13. maí 1785 hafa verið hafðir til styrktar prestaekkjum og börnum þeirra á Íslandi, og þær hafið úthlutað, verða í fjárhagslögum um fyrir árið 1860 taldir meðal útgjalda Íslands, sem sjá má af 9. gr. A. b. 4. í lögum þessum.